

## Símenntun á Vesturlandi

---

### 123. stjórnarfundur Símenntunar haldinn miðvikudaginn 29.11.202, kl. 15:00 á Teams.

Mætt: Anna Jóna Kristjánsdóttir, Björn Bjarki Þorsteinsson, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, Jóhanna María Sigmundsdóttir og Silja Eyrún Steingrímsdóttir. Guðrún Vala Elísdóttir framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

#### Dagskrá fundar:

##### 1. Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 lögð fram

Framkvæmdastjóri fór yfir uppgjör fyrir fyrstu 10 mánuði ársins og endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir 2023. Í endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir tekjum upp á 141,9 milljón sem er ríflega 3,5 milljóna króna hærra en í fyrri áætlun. Framlag frá Fræðslusjóði er 4 milljón króna hærra en gert var ráð fyrir því sótt var um endurúthlutun til námsleiða sem þessu nam. Aftur á móti eru tekjur af erlendum verkefnum lægri auk samsvarandi lækkunar í kostnaði vegna þeirra. Gert er ráð fyrir útgjöldum upp á 125,5 milljónum í endurskoðaðri áætlun sem er 9,6 milljón krónum lægra en í fyrri áætlun. Munurinn felst helst í lækkun á aðkeyptri verkefnastjórnun námsleiða. Í endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir rekstrarafgangi upp á 16,4 milljónir en reikna má með (við endanlegt uppgjör) einhverjum ófyrirséðum kostnaði s.s. við uppgjör námsleiða o.fl. Endurskoðuð fjárhagsáætlun var samþykkt samhljóða.

##### 2. Verkefnin sem eru í gangi hjá Símenntun og það sem er framundan

Framkvæmdastjóri sagði frá gæðaúttekt EQM sem er nýlega lokið, og taldi upp helstu námskeið og námsleiðir sem er lokið eða er að ljúka, fjallaði um fræðslustjóra að láni, velferðarskóla, fjölmenningarverkefni, náms- og starfráðgjöf og raunfærnimat.

##### 3. Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri fór yfir starfsmannamálin. Dagbjört Dúna Rúnarsdóttir verkefnastjóri sem tók til starfa 1. september á síðasta ári í 50% starfsgildi, hefur sagt starfi sínu lausu og lýkur störfum um áramót. Í hennar stað verður Jovana Pavlovic ráðin, en Jovana hefur verið verktaki hjá Símenntun undanfarið ár.

##### 4. Fjarpróf

Framkvæmdastjóri sagði frá stöðunni varðandi fjarpróf. Í Borgarnesi, á Akranesi og í Búðardal sjá verktakar um fjarpróf og gengur vel. Fjölbrautarskóli Snæfellinga annast fjarpróf og nýlega fékkst verktaki til þess að sjá um fjarpróf í Snæfellsbæ. Í Stykkishólmi eru prófin í umsjá grunnskólans fram að áramótum á meðan fundin er viðvarandi lausn. Markmiðið er að allir próftakendur fái faglega og ábyrga þjónustu.

##### 5. Önnur mál

Ákveðið að segja upp þjónustu Motus og leggja áherslu mildari innheimtuaðgerðir. Framkvæmdastjóri sagði frá óljósri framtíð Menntamálastofnunar og líkum á að þurfi að endurnýja vottun fræðsluaðila.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:22.